

**I. Inngangur**

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 4. júní 1996 og til dagsins í dag. Á þeim fundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Aðalmenn; Karl Björnsson, formaður, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Hermannsson. Varamenn; Einar Mathiesen, Grétar Zóphaníasson og Ágúst Ingi Ólafsson. Skoðunarmenn voru kosnir Magnús Karel Hannesson og Bjarki Reynisson.

Framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands er Þorvarður Hjaltason og verkstjóri á urðunarsvæði er Arnar Árnason.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 7 formlega fundi en auk þeirra hafa verið haldnir ýmsir fundir með þátttöku eins eða fleiri stjórnarmanna í tengslum við þau mál sem hafa verið á döfinni.

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru samtals 18 en þar sem Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 8 sveitarfélög eru í raun 25 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll eru sýnd í eftirfarandi töflu sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

**Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands**

**II. Gjaldskrá**

Gjaldskrá var óbreytt allt árið 1996 en hækkaði um síðustu áramót um 6 % og nú kostar það sveitarfélögin kr. 1,60 að farga hverju kg. af sorpi í Kirkjuferjuháleigu. Þrátt fyrir þessa hækkun verða útgjöld sveitarfélaganna á þessu ári heldur lægri í krónutölu heldur en árið 1995 ef miðað er við sama sorpmagn og barst á síðasta ári.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða um gjaldskrá og við leggjum til að hann samþykki gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

Gjaldskráin	er	þannig:
• Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum:	kr.	1,60/kg.
• Gjald fyrir sláturúrgang:	kr.	3,20/kg.
• Gjald fyrir annað aðflutt sorp, sem ekki er samningsbundið	kr.	3,20/kg.
• Afgreiðslugjald:	kr.	530,-/losun
• Gjald fyrir sláturúrgang hækkar í	kr. 3,30 /kg. frá 1. júlí	1997.

### III. Starfsemin á urðunarsvæðinu

Starfsemi Sorpstöðvarinnar er nú komin í nokkuð fastar skorður og ekki er þörf á verulegum breytingum á urðunarsvæðinu sjálfu. Tækjabúnaður er góður og allt verklag að slípast vel til. Áfram verður þó haldið við að þróa vinnubrögðin og finna lausnir á þeim vandamálum sem upp kunna að koma í rekstrinum.

#### a) Innvegið magn

Á árinu 1996 nam innvegið magn samtals 23.069 tonnum, en fyrstu fjóra mánuði þessa árs er magnið 7.038 tonn. Um er ræða fyrsta heila árið sem við höfum nákvæmar tölur um og reyndist magnið frá sveitarfélögum heldur minna en reiknað hafði verið með en á hinn bóginn var magnið frá sláturhúsunum mun meira. Virðist svo sem magn frá sláturhúsunum hafi fram að þessum tíma verið verulega vanáætlað því ekki var um neina umtalsverða breytingu að ræða á slátrun á síðasta ári.

#### b) Sorptroðari

Á síðasta ári, raunar fyrir nákvæmlega einu ári, var tekinn í notkun sorptroðari af BOMAG gerð á urðunarsvæðinu. Töluverðar vonir voru bundnar við tækið og í stuttu máli má segja að árangurinn hafi farið fram úr björtustu vonum. Tækið hefur reynst í alla staði mjög vel og það sem skiptir höfuðmáli er að með tilkomu þess hefur nýting urðunarreinanna aukist verulega frá því sem áður var. Samhliða því hefur heildarkostnaður vegna vélavinnu lækkað verulega.

#### c) Ný urðunarrein

Ný urðunarrein var tekin í notkun um síðustu áramót og hefur hún verið nýtt ásamt þriðju reininni sem mun fyllast nú á næstu vikum. Búið er við að nýja reinin muni endast fram á mitt næsta ár.

#### d) Starfsmenn

Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur, en Hörður Hansson sem starfaði hjá fyrirtækinu fyrstu mánuðina lét af störfum á síðasta ári og var þá Guðni Jónsson ráðinn í hans stað. Reynslan hefur sýnt að skynsamlegt var að fjölga starfsmönnum vegna rekstaröryggis og flóknari reksturs en áður var. Þá hefur Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur verið ráðinn til tímabundinna ráðgjafarstarfa fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar, í því augnamiði að halda áfram markvissum úrbótum í umhverfismálum á Suðurlandi.

### IV. Flokkun - endurvinnsla

#### a) Trjákurllari

Um leið og sorptroðarinn var tekinn í notkun fengum við jafnframt afhentan trjákurllara sem stjórnin hafði samþykkt að kaupa. Reynslan af kurllaranum er allgóð en hins vegar nýttu sveitarfélögin sér ekki tilkomu hans eins og vonast hafði verið til. Ýmislegt bendir þó til að nýtingin á þessu ári verði verulega meiri en í fyrra. Þessi lausn á að vera hagkvæm fyrir sveitarfélögin. Þau geta nýtt eigin starfsmenn og greiða lágt verð fyrir afnotin eða kr. 1.800 á klst. Við teljum að með kurllaranum hafi verið tekið mikilvægt skref að því marki að minnka þann úrgang sem fer til urðunar jafnframt því að kurlið er hægt að nýta í ýmsum tilgangi.

#### b) Pappírssöfnun

Af skyldum toga var sú ákvörðun stjórnar að beita sér fyrir söfnun dagblaða- og tímaritapappírs. Gerður var rammisamningur við Gámaþjónustuna um söfnunina sem þéttbýlissveitarfélögin hafa flest gengið inn í. Söfnunin hefur tekist mjög vel eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu:

Ekki er vafi á að árangurinn má að nokkru leyti þakka það að í tengslum við söfnunarátakið lét Sorpstöðin í samvinnu við K.Á. og Gámaþjónustuna gera sérstakan margnota pappírssöfnunarkassa fyrir almenning sem greinilega hefur náð tilgangi sínum.

Nú í þessari viku er að koma til framkvæmda enn frekari útvíkkun pappírssöfnunarinnar sem nær til alls starfsvæðis Sorpstöðvarinnar og jafnframt verður einnig tekið á móti pappírfernum. Þetta kallar á fjölgun gáma og verða pappírssöfnunargámar á Suðurlandi um 60 talsins en voru um 20 þegar söfnunin hófst fyrir ári síðan.

**c) Endurvinnsla á plasti - styrkur við Funaplast**  
Þessa dagana er að hefjast endurvinnsla á plasti í Funaplasti, nýju fyrirtæki á Flúðum. Um er að ræða endurvinnslu á landbúnaðarplasti, netum o.fl. Fyrirtækið leitaði til Sorpstöðvarinnar um stuðning. Stjórnin brást vel við og samþykkti að veita fyrirtækinu styrk samtals að upphæð kr. 700 þús. sem greiðist í tvennu lagi; fyrri hlutinn nú og seinni hlutinn á næsta ári. Styrkurinn var bundinn því skilyrði að hann yrði nýttur til að afla hráefnis af Suðurlandi. Jafnframt hefur Guðmundur Ólafsson verið fyrirtækinu til aðstoðar. Miklu skiptir að vel takist til hjá þessu nýja fyrirtæki og ekki er vafi á því að rekstur þess hefur í för með sér verulegar úrbætur í umhverfismálum okkar Sunnlendinga.

Við teljum að pappírssöfnunin, tilkoma trjákurarans og nú síðast endurvinnsla á plasti séu mikilvægir áfangar í umhverfismálum og með pappírssöfnuninni sérstaklega sé verið að virkja áhuga og auka meðvitund almennings um umhverfi sitt. Sunnlendingar eru nú þegar greinilega vel vakandi í þeim málum.

Sveitarfélögin annast sjálf söfnun brotamáls og spilliefna auk þess að taka á móti garðaúrgangi og öðrum þeim úrgangi sem ekki er nauðsynlegt að farga á urðunarsvæði Sorpstöðvarinnar og greiða fyrir það urðunargjald í samræmi við þyngd. Sum sveitarfélögin starfrækja nokkuð fullkomin gámasvæði en önnur sinna þessum þætti ekki nógu vel. Í raun er mikið verkefni fyrir höndum hjá mörgum sveitarfélögum á Suðurlandi við að bæta og auka þjónustu á þessu sviði fyrir íbúa og fyrirtæki viðkomandi sveitarfélaga. Uppbygging og rekstur gámasvæða krefjast töluverðra fjármuna sem sum sveitarfélög eru ekki í stakk búinn til að reiða af höndum.

## **V. Viðskipti við gámafyrirtæki**

Á síðustu tveimur aðalfundum hafa viðskipti Sorpstöðvarinnar við gámafyrirtæki á samkeppnismarkaði verið mjög til umfjöllunar. Á aðalfundinum árið 1995 var stjórninni heimilað með öllum atkvæðum að ganga til slíkra samninga og var það gert. Á aðalfundinum árið 1996 var tillaga um að framvegis yrði eingöngu tekið við sorpi af Suðurlandi felld með öllum atkvæðum gegn einu á þann hátt að málinu var vísað til þessa aðalfundar. Þrátt fyrir þessa eindregnu niðurstöðu hafa deilur um þessi viðskipti haldið áfram. Hreppsnefnd Ólfushrepps sem telur að samningarnir séu ekki í samræmi við upphafleg markmið stöðvarinnar hefur fram til þessa ekki skipt um skoðun svo vitað sé. Stjórnin fundaði með

hreppsnefndinni um málið og samþykkti í kjölfarið að láta þessi viðskipti standa til ársloka 1997 og ekki yrði þeim haldið áfram án aðalfundarsamþykktar um að þau yrðu áfram heimil. Jafnframt var samþykkt að gera sérstaka samanburðarúttekt á rekstri og umhverfisáhrifum Sorpstöðvarinnar svo hægt væri að upplýsa eigendur og viðskiptavinum hennar á þessum aðalfundi hvers kostnaðar megi vænta af rekstri Sorpstöðvarinnar í framtíðinni. Þessa úttekt hefur Sorpstöðin nú látið vinna og sent út til aðildarsveitarfélaganna og liggur hún fyrir hér á fundinum. Þær upplýsingar sem þar er að finna gera aðalfundarfulltrúum vonandi kleift að taka ákvörðun um áframhald þessara mála.

Til viðbótar því sem fram kemur í úttektinni skulu hér enn á ný færð fram þau rök sem þessi viðskiptastefna fyrirtækisins byggist á og einnig svör við þeirri gagnrýni sem komið hefur fram:

- Það sorp sem flutt er að er forflokkað í sérstakri flokkunarstöð og er algjörlega innan þeirra marka sem starfsleyfi stöðvarinnar setur. Vandlega hefur verið fylgst með þessu sorpi bæði af starfsmönnum stöðvarinnar og eftirlitsaðilum hennar, Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, ekki síst vegna ítrekaðra fullyrðinga um að eitthvað misjafnt sé á ferðinni. Flestum vonandi til ánægju hafa engar vísbendingar komið fram um að þær fullyrðingar eigi við nokkur rök að styðjast.

- Varðandi þá röksemd sem heyrst hefur gegn þessum viðskiptum að óeðlilegt sé að flytja sorp annars staðar að en frá Suðurlandi, því Sorpstöðin sé aðeins fyrir Sunnlendinga, þá bendum við á þá staðreynd að verulegt magn af úrgangi er flutt frá Suðurlandi til höfuðborgarsvæðisins; öll spilliefni, brotamálmar og nú síðast pappír í stórum stíl. Ef menn eru á móti viðskiptunum í grundvallaratriðum af þessari ástæðu hljóta þeir einnig af sömu ástæðu að vera andvígir því að umræddur úrgangur sé fluttur af Suðurlandi til annarra landshluta.

- Því hefur verið haldið á lofti að Ölfusingar hafi sýnt mikinn þegnskap með því að ljá máls á því að urðunarstaðurinn yrði í þeirra sveitarfélagi og þ.a.l. sé verið að svíkjast aftan að þeim með þessum viðskiptum og verið sé að "dengja yfir þá rusli úr Reykjavík" sem aldrei hafi verið ætlunin. Ekki er vafi á því að Ölfusingar eiga heiður skilinn fyrir að hafa sýnt þann skilning sem fólst í þeirri ákvörðun að heimila urðunarstað í Kirkjuferjuháleigu í ljósi þeirra miklu fordóma sem ríktu og ríkja jafnvel enn um þessi mál. Sá þegnskapur veitir þeim á hinn bóginn ekki meiri rétt til að hafa áhrif á stjórn og rekstur fyrirtækisins en öðrum að því gefnu starfsemin sé innan tilskilinna marka sem lög og reglugerðir setja. En það er einmitt það sem höfuðáhersla hefur verið lögð á af hálfu Sorpstöðvarinnar og við fullyrðum að við eigum í Kirkjuferjuháleigu eitt best rekna urðunarsvæði á landinu sem stenst allar þær kröfur sem settar eru í þessum málaflokki.

- Miklir fjármunir hafa verið settir í að hafa aðstöðuna sem besta í Kirkjuferjuháleigu og umhverfi svæðisins sem snyrtilegast og skal hér nefnt það helsta: Góður vegur hefur verið lagður að svæðinu sem kostaði um kr. 20 millj. og þjónar hann jafnframt 3 bæjum í Ölfusinu. Svæðið sjálft er allt afgirt með foggirðingum, dýr hreinsimannvirki sía allt sigvatn sem kemur frá urðunarreinunum og gróðursett hafa verið skjólbelti í manir sem útbúnar hafa verið innan girðingar. Kostnaður við þessar framkvæmdir er um kr. 30 millj. Þá hefur ábúendum og eigendum jarða í kringum Kirkjuferjuháleigu verið greitt með beinum eða óbeinum hætti sem hér segir: ábúendum Kirkjuferju og Kirkjuferjuháleigu samtals um kr. 3,1 millj., ábúanda Bræðrabólss samtals um kr. 1,1 millj. og eigendum Hvolsbrúnar um kr. 1,8 millj. með matskostnaði o.fl. Samtals er um að ræða greiðslur að upphæð um kr. 6,0 millj. Að auki eru allar líkur á að greiða þurfi eigendum Auðsholts töluverðar fjárhæðir eins og getið verður nánar um hér á eftir. Ef niðurstaða þess máls verður í samræmi við fyrirbyggjandi yfirmat gætu heildargreiðslur til þeirra íbúa sem næst urðunarstaðnum búa numið allt að kr. 30-35 millj.! Í fáum orðum sagt; allt kapp hefur verið lagt á, með tilheyrandi útgjöldum á ábyrgð aðildarsveitarfélaganna, að uppfylla allar ströngustu kröfur um urðunarstaðinn svo að hann geti talist til fyrirmyndar og háar fjárhæðir hafa verið og munu að öllum líkindum verða greiddar í bætur til þeirra íbúa sem næstir staðnum búa. Þessar bætur eru óháðar því sorpmagni sem urðað er við Kirkjuferjuháleigu. Þær eru tilkomnar vegna staðsetningar urðunarsvæðisins. Í þessu sambandi er rétt að minna á þær fjárhæðir sem hefðu verið í spilinu ef allir íbúar á Selfossi hefðu fengið tilsvarende bætur vegna nálægðar við gamla urðunarsvæðið en fjarlægðir frá þeim urðunarstað að byggð voru jafnvel minni en frá nýja urðunarstaðnum.

- Sú gagnrýni hefur einnig heyrst að þessi viðskipti stytta endingartíma svæðisins og séu þau því óskynsamleg af þeim ástæðum. Því er til að svara að allar líkur benda til að svæðið muni endast tilætlaðan tíma og benda niðurstöður úttektarinnar til að svæðið endist a.m.k. í 25 ár í viðbót miðað við núverandi forsendur eða til ársins 2022 en landið hefur Sorpstöðin á leigu til 25 ára og rennur leigutíminn út árið 2018. Auk þess má benda á að þróunin í þessum málaflokki er mjög ör og allt stefnir í að sá

úrgangur sem fer til urðunar muni minnka verulega á næstu árum. Nægir að minna á þær miklu breytingar sem hafa orðið í þessum efnum hér á landi á síðustu árum.

• Við leggjum þó höfuðáherslu á að viðskiptin eru mjög ábatasöm fyrir rekstur stöðvarinnar sem gerir það að verkum að við getum rekið sorpurðunina með einum besta tækjabúnaði sem þekktist hér á landi og jafnframt greitt niður stofnkostnað stöðvarinnar án þess að tilkostnaður sveitarfélaganna hafi hækkað svo nokkru nemi frá því sem áður var. Raunar var kostnaður þeirra á árinu 1996 u.þ.b. 10% lægri en á árinu 1995 en Sorpstöðin var samt sem áður rekin með góðum rekstrarafgangi sem nýttur var m.a. til greiðslu skulda. Þessi staða gerir það að verkum að Sorpstöðin er vel í stakk búin til að hafa forystu um ýmis framfarámál varðandi meðferð og förgun úrgangs á Suðurlandi eins og henni er raunar ætlað að hafa. Í því sambandi má nefna forgöngu um pappírssöfnunina, kaupin á trjákurllaranum og ráðningu umhverfisfræðings til ráðgjafarstarfa fyrir fyrirtækið og aðildarsveitarfélögin. Þróunin er ör í þessum málum ásamt því að kröfur aukast sífellt bæði þær sem lög og reglugerðir setja og sem betur fer almenningur einnig. Því er mjög mikilvægt að fyrirtæki sem á að gegna forystuhlutverki á þessu sviði hafi traustan fjárhagsgrunn.

• Þær upplýsingar sem lagðar hafa verið fram á þessum fundi benda eindregið til þess að gjaldskrá vegna sorpurðunar þurfi að hækka a.m.k. um 30% ef viðskiptum við gámafyrirtækin verður hætt. Þessi hækkanarþörf er sem sagt ekki fyrir hendi með viðskiptum við sorphirðufyrirtæki utan Suðurlands og hægt er að nýta þann tekjuafgang sem þau gefa með beinum hætti til að greiða niður þau lán sem tekin voru vegna stofnkostnaðarframkvæmda við urðunarsvæði stöðvarinnar. Auk þess er nauðsynlegt að mynda varasjóð til að mæta hugsanlegum útgjöldum vegna verulegs viðbótarkostnaðar sem áðurgreindar ófrágengnar bótakröfur nággranna vegna staðsetningar urðunarsvæðisins geta skapað.

• Einnig er ljóst að með því að draga rekstrartekjur inn í fyrirtækið annars staðar frá og láta heimamenn njóta þess í lægri útgjöldum er verið að gera fyrirtækjum á Suðurlandi léttara um vik í sínum rekstri og auka þannig samkeppnishæfni þeirra á sífellt harðnandi samkeppnismarkaði. Í raun eru þessi viðskipti ekkert annað en efling á atvinnustarfsemi á Suðurlandi á sviði sorphirðuþjónustu með tilheyrandi aukinni veltu fjármagns í landshlutanum.

• Verkefni sem eru framundan í umhverfismálum eru ærin og eins og flestum er kunnugt þá gætu sveitarfélögin auðveldlega ráðstafað margföldum þeim tekjum sem þau hafa til ráðstöfunar til hinna þörfustu verkefna. Því er það mjög mikilvægt að Sorpstöð Suðurlands geti af eigin burðum staðið að ýmsum nauðsynlegum úrbótum í umhverfismálum án þess að seilast eftir skatttekjum aðildarsveitarfélaganna. Þannig eru það hagsmunir Sunnlendinga, bæði einstaklinga og fyrirtækja, sem hafðir voru í fyrirrúmi þegar núverandi rekstrarstefna fyrirtækisins var mörkuð.

• Að lokum viljum við taka skýrt fram að það er verkefni aðalfundar Sorpstöðvarinnar að marka stefnuna og taka meginákvörðanir í málefnum fyrirtækisins hér eftir sem hingað til en stjórnar og framkvæmdastjóra að framfylgja þeirri stefnumörkun.

## **VI. Málaferli gegn Sorpstöðinni**

Eins og fundarmönnum er kunnugt hefur verið málarekstur í gangi gegn Sorpstöðinni vegna starfseminnar í Kirkjuferjuháleigu. Annars vegar hefur farið fram undir- og yfirmat vegna kröfu eigenda Auðsholt og hins vegar undirmat að kröfu eigenda Hvalsbrúnar og síðan yfirmat að kröfu Ölfushrepps.

Í Auðsholtsmálinu töldu matsmenn að verðryrnun hefði átt sér stað vegna starfsemi stöðvarinnar. Verðryrnunin var metin út frá mismunandi forsendum frá tæplega kr. 2,0 millj. og upp í líðlega kr. 10,0 millj. Við teljum að miða eigi við forsendur þær sem lágu til grundvallar lægsta matinu. Stjórnin ákvað að fara ekki fram á yfirmat og en það gerðu hins vegar eigendur Auðsholts og lá niðurstaða þess fyrir í nóvember á síðasta ári. Samkvæmt því er tjón eigenda Auðsholts metið á um kr. 20,0 millj. miðað við staðgreiðslu. Í kjölfarið kom krafa frá lögmanni eigenda upp á rúmar kr. 23 millj. Stjórnin samþykkti að hafna þessari kröfu í samráði við lögmann Sorpstöðvarinnar, Jón Ólafsson hrl., ásamt því að mótmæla sérstaklega kostnaði við yfirmatið. Ástæðurnar eru einkum þær að við teljum að yfirmatið sé illa grundað og auk þess um svo háar fjárhæðir að ræða að ekki sé verjandi að greiða þær fyrr en að undangengnum dómi. Greinargerð Talnakönnunar frá 13. maí 1997 um málið styður þá skoðun okkar einnig eindregið. Málið er því þannig státt nú að eigendur Auðsholts munu að öllum líkindum höfða mál og þá munu dómstólar leggja sjálfstætt mat á kröfur þeirra um bætur. Enn hefur ekki borist tilkynning um málshöfðun

en búast má við að ef af verður muni málarekstur fyrir báðum dómstigum taka u.þ.b. tvö ár og kosta töluvert fé. Best væri þó að samningar tækjust um bætur en fátt virðist benda til að svo verði.

Í Hvalsbrúnarmálinu hefur bæði farið fram undir- og yfirmat og var niðurstaðan í bæði skiptin sú sama, þ.e. að verðryrnun hefði orðið en ekki var lagt mat á hve mikil hún væri. Í yfirmatinu var nær öllum röksemdum eigendanna hafnað en komist að eftirfarandi niðurstöðu: "Þótt jörðin sé í nokkurri fjarlægð frá athafnasvæði sorpurðunarstöðvarinnar er ekki unnt að útiloka að nálægðin við stöðina leiði til verðryrnunar á jörðinni þar sem fólk kys frekar að kaupa jarðir sem eru ekki nálægt slíkum stöðum." Matsnefnd eignarnámsbóta fékk málið síðan til meðferðar og var niðurstaða hennar sú að greiða bæri eigendum Hvalsbrúnar kr. 500 þús. í bætur og hefur það verið gert. Kostnaður við málið nam um kr. 1.300 þús. Málinu er því lokið.

## VII.

## Að

## lokum

Að lokum viljum við taka fram að sú öra þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár í sorphirðumálum landsmanna á örugglega eftir að eflast enn frekar sem m.a. leiðir til sífellt aukinnar endurvinnslu umbúðaúrgangs úr plasti og pappa, þrátt fyrir að úrgangur þessi sé talinn hættulaus umhverfi sínu, sbr. greinargerð Hollustuverndar ríkisins, dags. 22. maí 1997. Það er einmitt þess konar úrgangur sem Sorpstöð Suðurlands annast urðun á í miklum mæli m.a. frá fyrirtækjum sem staðsett eru utan Suðurlands. Af þeim sökum benda líkur til að viðskipti í þeim mæli sem nú bjóðast muni minnka stórlega á allra næstu árum sem leiða muni til verulegrar tekjulækkunar hjá Sorpstöð Suðurlands. Meðan þessi úrgangur er urðaður og endurvinnsla hans ekki enn hafin að fullum krafti teljum við að Sorpstöðin eigi að nýta sér það tímabundna ástand og skila ábatanum með beinum eða óbeinum hætti til sveitarfélaga, fyrirtækja og íbúa á Suðurlandi í formi lægri gjaldskrár fyrir sorpförgun en annars væri samhliða úrbótum á sviði sorphirðumála á svæðinu.

Sá ágreiningur sem staðið hefur við sveitarstjórn Ölfushrepps um þá urðunarþjónustu sem hér hefur verið til mikillar umfjöllunar varpar skugga á annars þjarta og trausta uppbyggingu Sorpstöðvar Suðurlands undanfarin ár og vonast stjórn og framkvæmdastjóri stöðvarinnar til að hann megi leysa á farsælan hátt. Á fundi þessum mun formaður stjórnarinnar leggja fram tillögu sem miðar að því að svo geti orðið vonandi innan ekki mjög langs tíma.

F.h.

stjórnar

Sorpstöðvar

Suðurlands

Þorvarður Hjaltason,  
framkvæmdastjóri

Karl Björnsson,  
formaður